

L Ö G

124

30. des.

um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Nú breytist verulega almennt verðlag á fæði frá því, sem það var við gildistöku laganna, og er þá fjármálaráðherra heimilt að ákveða hærra undanþáguhámark en kr. 1.25 fyrir hverja fullkomna máltíð. Noti ráðuneytið heimild þessa, skal það ákveða undanþáguhámarkið eftir því, sem ætla má, að hið almenna verðlag á fæði sé hærra en það var við gildistöku laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

125

30. des.

um breyting á lögum nr. 81 7. maí 1940, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að framlengja til 1. jan. 1960 einkaleyfi Háskóla Íslands til þess að reka happdrætti samkvæmt lögum nr. 44/1933, sbr. lög nr. 6/1943 og 20. gr. laga nr. 68/1940.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er ríkisstjórninni þá heimilt að framlengja þegar einkaleyfið.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.